

197 bandið: *Antigua, Dominica, Montserrat, Nevis, St. Christoph* eða *St. Kitts og Virginsku*
15. des. eyjarnar, og að bandafylkin í *Venezuela* muni verða tekin inn í allsherjarsbandið frá 1. janúar 1880.

Burðargjaldið til hinna nefndu brezku nýlendna er hið sama og tilfært er fyrir aðrarsenkar nýlendir í Vestindíu á dönsku burðargjaldaskrá þeirri („Taxt“), sem er til eptir sjónar á póstafrgreiðslustöðum landsins, bls. 18 nr. 38 b—e, en til *Venezuela* er burðargjaldið sama og til *Brasilíu* (sjá burðargjaldsskrána bls. 20 nr. 41).

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 15. desember 1879.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

198 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um*
15. des. endurgjald á sveitarstyrk. — Hreppsnefndin í Hólahreppi í Skagafjarðarsýslu hefir borið sig upp undan úrskurði yðar, herra amtmaður, frá 11. maí f. á., er gjörir Hólahreppi að skyldu að endurgjalda Arnarneshreppi í Eyjafjarðarsýslu 43 kr. 6a. sveitarstyrk, er lagður hefir verið Jósef nokkrum Jósefssyni, og vil jeg eptir að hafa meðtekið álit yðar, herra amtmaður, um málið, tjá yður það, sem á eptir fer yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar þeim, er hlut eiga að máli.

Menn eru á eitt sáttir um það, að Jósef Jósefsson, sá er hjer ræðir um, hafi rjett til framfærslu í Hólahreppi; þar er hann fæddur 12. dag aprílmán. 1858 í Garðakoti, en sökum fátæktar foreldra hans hefir hann alizt upp í Arnarneshreppi, er var framfærsluveit beggja og sjálfs Jósefs, þar til hann var fullra 16 ára, en frá þeim tíma varð Hólahreppur sem fæðingarhreppur hans skyldur til samkvæmt 7. gr. reglugjörðar 8. jan. 1834 að sjá honum fyrir framfærslu.

Þar eð nú Arnarneshreppur samt sem áður gjörði eigi þegar í stað þá, er Jósef var orðinn fullra 16 ára hinn 12. apríl 1874, neina tilraun til þess, að grennslast eptir, hvar hann eptir þennan tíma væri sveitlægur, en fyrst hinn 16. desemb. s. á. leitaði liðsinnis sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu til þess, að fá vissu sína í þessu efni, þá getur landshöfðinginn eigi annað en fallizt á þann úrskurð, er amtið hefir lagt á þetta atriði málsins, að Arnarneshreppi ekkert endurgjald beri fyrir fátækrastryk þann, sem Jósefi var veittur á tímabilinu millum 12. apríl og 16. des. 1874. — Að því er snertir styrk þann, sem veittur var frá 16. des. 1874 þangað til hinn 5. júní 1876, að Jósef var fluttur á framfærslubrepp sinn, hefir amtið gjört Hólahreppi að skyldu að endurgjalda Arnarneshreppi styrk þann, sem veittur var Jósefi á tímabilinu frá 16. desemb. 1874 til 1. nóvemb. 1875, en þá barst oddvita hreppsnefndarinnar í Arnarneshreppi vegabrjef sýslumannsins frá 19. okt. 1875, sem leyfði að flytja Jósef á fæðingarhrepp sinn; en að hinu leytinu hefir amtið undanþegið Hólahrepp endurgjaldi fyrir meðlag frá 1. nóv. 1875, og þar til fátækraflutningurinn í raun og veru átti sjer stað hinn 5. júní 1876. Að því er þetta síðasttalda atriði úrskurðarins snertir, virðist það vafasamt, hvort Hólahreppi hefði getað veizt undanþága frá, að endurgjalda Arnarneshreppi kostnað þann, er reis af því, að ekki var undið bráðan bug að því, að flytja hlutaðeiganda þegar hinn 1. nóv. 1875, því samkvæmt kansellibrjefi 26. septbr. 1837 mátti slikur flutningur ekki framkvæmd hljóta, fyr en gengið hafði verið úr skugga um það, hvort þurfamanninum yrði veitt móttaka, og eins og sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu eigi hefði

átt að gefa út vegabréf, fyr en hann um þetta efni hafði fengið vissu sína, þannig virðist það að hafa verið á góðum rökum byggt, að hreppsnefndin í Arnarneshreppi skaut framkvæmd flutningsins á frest, þar til viðurkenning frá hálfu Hólahrepps barst henni í hendur. Þetta virðist og að vera viðurkennt í brjefi Hólahrepps frá 6. febr. 1876, þar sem hann samkvæmt brjefi hreppsnefndarinnar í Arnarneshreppi frá 12. nóvember 1875 samþykkir, að Jósef Jósefsson megi flytjast til Hólahrepps, þegar færi gefist til þess. Eptir þessu verður ekki betur sjeð, en að Hólahreppur hefði verið skyldur til, að endurgjalda Arnarneshreppi það meðlag, sem hefði orðið að veita hinum umrædda þurfamanni frá 1. nóv. 1875 til þess tíma, að brjefið frá 6. febr. 1876 var komið til Arnarneshrepps, og færi gafst á, að framkvæma flutninginn með hliðsjón til þess, hvernig ástatt var t. a. m. árs-tíma, heilsufari þurfamannsins ö. s. frv., sbr. 8. gr. reglugjörðar 8. jan. 1834; en hins vegar bera málsskjölin með sjer, að Arnarneshreppur hefir eptir 1. nóvbr. 1875 engu kostað til framfærslu hins nefnda þurfamanns. Því þegar það í nóvembermánuði 1875 kom til tals að flytja Jósef, álitu fósturforeldrar hans, að flutningur hans á þeim tíma gæti bakað honum heilsutjón, og kusu því heldur að láta meðlagsins með honum ókrafið, en að láta hann fara.

Að því leyti sem úrskurðurinn gjörir Hólahreppi að skyldu að endurgjalda Arnarneshreppi styrk þann, sem veittur var Jósef Jósefssyni á tímabilinu frá 16. des. 1874 til 1. nóvember 1875, hefir Hólahreppur fylgt fram þeirri ætlun, að einnig í tilliti til þessa tímabils hafi frá hálfu hlutadeigandi hreppsnefndar átt sjer stað slíkt hirðuleysi í því, að fá vissu um, hvar hreppur sá væri, sem framfærsluskyldan hvíldi á, að hún með því hefði brotið af sjer rjett til endurgjalds, eins og það er ákveðið í amtsúrskurðinum um þann tíma, sem ekkert var gjört til að grennslast eptir sveitfesti hlutadeiganda. Einkum hefir af hálfu Hólahrepps verið tekið fram, að hreppsnefndin í Arnarneshreppi hafi ekki yfirheyrt Jósef Jósefsson sjálfan um fœðingarstað hans og þáverandi verustað foreldra hans, þar sem þó ætla megi, að hann hafi verið fær um að veita slíkar skýrslur, þegar hreppsnefndin í des. 1874 hafi tekið að grennslast eptir þessu. Þótt því nú ekki verði neitað, að eðlilegast og æskilegast hefði verið, að hreppsnefndin í Arnarneshreppi hefði yfirheyrt hlutadeigandi þurfamann sjálfan eða fósturforeldra hans um fœðingarstað hans, má þó ekki gleyma því, að hreppsnefndin hafði ástœðu til að ætla, að þau ekki væru fær um að gefa slíka skýrslu, þar sem hlutadeigandi sóknarprestur hafði við ferming Jósefs 1873 árangurslaust reynt að útvega skýrslu um þetta, og hefir vottorð hans þar um verið lagt fram, og var ástœða til að halda, að hann hefði leitað skýrslunnar, bæði hjá piltinum sjálfum og fósturforeldrum hans. Með því nú að sýslumaðurinn í Eyjafjardarsýslu einnig virðist að hafa verið á því, að slík yfirheyrsla myndi ekki geta skýrt málið, og þar eð hreppsnefndin í Arnarneshreppi hefir til að útvega hinar umræddu skýrslur snúið sjer til hins næsta yfirboðara síns samkv. 3. gr. reglugj. 8. jan. 1834, verður ekki með sönnu sagt, að hreppsnefndin hafi sýnt það hirðuleysi, er samkvæmt 9. grein reglugjörðarinnar frá 8. jan. 1834 sambr. við kansellíbrjef 1. maí 1838 og brjef landshöfðingja 17. nóvbr. 1874 geti svipt Arnarneshrepp endurgjaldi á styrk þeim, er lagður hefir verið Jósef á tímabili því, er hjer rœðir um.

Samkvæmt því, sem þannig er tekið fram, á úrskurður sá er þjer, herra amtmaður, hafið lagt á þetta mál, óraskaður að standa.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um vald hreppsnefndar til að gjöra aukaniðurjöfnun. — Í þóknanlegu